

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 829,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1990, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 153, 20. mars 1989 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 16. janúar 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi í miðbæ Keflavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. janúar 1990 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi í miðbæ Keflavíkur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Keflavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.